



## Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Akureyri, 11. janúar 2019  
1901010 JFK

### **Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun fyrir árin 2019-2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess -Þingskjal 550 -409. Mál**

Jafnréttisstofa fagnar því að fram sé komin áætlun gegn ofbeldi og sér í lagi hversu mikil áhersla er í framtíðarsýn ályktunarinnar á þá þekkingu um ofbeldi á Íslandi sem #metoo frásagnirnar leiddu í ljós. Stofan fagnar því að taka þátt í að vinna upplýsingavef um ofbeldi og lýsir sig reiðubúna í frekari verkefni er varðar vinnu gegn kynbundnu ofbeldi á Íslandi.

Eins og fram kemur í þingsályktunartillögunni hefur mikið starf verið unnið með verkefni Jafnréttisstofu *Byggjum brýr Brjótum múra* við að auka samstarf um varnir og viðbrögð við ofbeldi í nánnum samböndum. Ein af niðurstöðum verkefnisins, sem birt verður á árinu í lokaskýrslu þess, er að vinnunni er langt frá því lokið og raunar rétt að hefjast. Yfirferð um allt landið og fræðsla til fagaðila þarf að vera unnin í áframhaldandi/viðstöðulausu ferli. Jafnréttisstofa leggur til að verkefnið verði fjármagnað áfram undir þessari áætlun og þá um leið verða uppfylltar margar af þeim skyldum sem stjórnvöldum ber að sinna samkvæmt *Samningi Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi* frá 2011 sem Ísland fullgilti á nýliðnu ári.

Ein af afurðum verkefnisins *Byggjum brýr Brjótum múra* er það ríka tengslanet fagfólks sem byggt hefur verið upp um allt land sem getur áfram nýst til að koma þekkingu og fræðslu til fagfólks um aðrar tegundir ofbeldis en heimilisofbeldis svo sem kynferðislegt ofbeldi, stafrænt ofbeldi mansal og svo má áfram telja. Með verkefninu hefur verið lagður grunnur að vettvangi sem hægt er nýta til að koma að fræðslu um forvarnir, viðbrögð og úrræði í ofbeldismálum almennt.

Fram kemur í i-lið 3. mgr. 4. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 að eitt af hlutverkum Jafnréttisstofu sé að vinna að forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi í samstarfi við önnur stjórnvöld og samtök sem sinna slíkum forvörnum sérstaklega. Jafnréttisstofa hefur mikinn vilja til að sinna þessa mikilvæga lögbundna hlutverki sínu enn frekar og harnar að vera ekki hluti að þeirri þingsáætlunartillögu sem hér er til umsagnar. Stofan telur rétt að hún ætti



## Jafnréttisstofa

einhverskonar aðkomu að aðgerðum í A kafla sem snýr að forvörnum, þá helst lið A.1, A.2, A.5, A.9 og A.10. Sér í lagi aðgerðum A.3 og A.9. Jafnréttisstofa hefur eftirlit með jafnréttislögum og kallar reglulega, á grundvelli 18. gr. laganna, eftir jafnréttisáætlunum frá fyrirtækjum og stofnunum ásamt skýrslum um stöðu og þróun jafnréttismála. Í jafnréttisáætlunum skal, samkvæmt 22. gr., tilgreina sérstaklega hvernig komið er í veg fyrir að starfsfólk, nemendur og skjólstaðingar verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni og kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum. Jafnréttisstofa og ÍSÍ hafa undanfarið ár verið í samstarfi um jafnréttisstarf innan íþróttafélaga með áherslu á gerð og innköllun jafnréttisáætlana. Í nóvember voru leiðbeiningar um gerð jafnréttisáætlana fyrir íþróttafélög kynntar á formannafundi ÍSÍ og eru þær nú aðgengilegar á heimasíðu ÍSÍ. Í framhaldinu mun Jafnréttisstofa hefja innköllun á jafnréttisáætlunum íþróttafélaganna að nýju eftir hlé sem gert var á meðan unnið var að leiðbeiningum fyrir félögin. Starfsfólk Jafnréttisstofu býr yfir mikilli sérfræðipækkingu við gerð og mat á aðgerðaáætlunum og aðgerðum gegn ofbeldi og afleiðingum þess sem ætti að nýtast vel í þessari vinnu. Við bjóðum fram þekkingu okkar og samstarf inn í allar fyrrgreindar aðgerðir.

Verkefnið *Byggjum brýr Brjótum múra* snýst að stærstum hluta um fræðslu um úrræði fyrir þolendur ofbeldis um allt land og því er gott að nýta þekkingu stofunnar og afurðir verkefnisins í aðgerð A.10.

Jafnréttisstofa telur að frjáls félagasamtök sem vinna gegn kynbundnu ofbeldi, s.s. Aflið, Dreklaslóð, Kvennaráðgjöfin, Samtök kvenna af erlendum uppruna, Samtök um Kvennaathvarf, Stígamót og TABÚ, eigi að fá mikið vægi í aðgerðum gegn ofbeldi. Augljóst er að þau samtök sem hófu þá vegferð að vinna gegn kynbundnu ofbeldi á Íslandi, ættu að vera kölluð að borði við gerð þingsályktunartillögu um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess. Jafnréttisstofa kallar eftir auknu samráði við frjáls félagasamtök sem og Jafnréttisstofu við framkvæmd þeirrar áætlunar sem hér er til umsagnar.


Jafnréttisstofa saknar í áætluninni aðgerðum tengdum stafrænu ofbeldi og leggur til að í næstu yfirferð verði úr því bætt. Einnig er lagt til að með öllu verði horfið frá því að nota hugtakið hefndarklám þar sem hugtakið stafrænt ofbeldi er nú notað.

Reynsla og rannsóknir sýna að ekki er æskilegt að nota sáttarmiðlun í ofbeldismálum og því leggur Jafnréttisstofa til að aðgerð B.4 verði breytt. Kynferðislegt ofbeldi er ekki ósætti og því á sáttarmiðlun ekki við í þeim málum. Jafnréttisstofa vill benda á þá úrvinnslu í kynferðisbrotamálum sem er víða að þróast og lítur að uppbyggilegri réttvísi fyrir þolendur og væri frekar hægt að leggja á slíka vinnu en sáttarmiðlun (sjá; Ptacek, J. (ed.) (2009) *Restorative Justice and Violence Against Women*. Oxford University Press og Estelle Zinsstag og Marie Keenan (2017) *Restorative Responses to Sexual Violence*. Routledge.). Sú mikla samfélagsbylting sem hefur átt sér stað á síðasta rúma ári, #metoo, gerist ekki að sjálfu sér heldur byggðist hún upp á fjölda kvenna sem deildu reynslu sinni af kynferðislegu ofbeldi íslensku samfélagi.



## Jafnréttisstofa

Mikilvægt er að stjórnvöld styðji áfram við þá samfélagsbreytingu með kraftmiklum hætti. Jafnréttisstofa lýsir yfir fullum samstarfsvilja til að ná þeim markmiðum sem að áætlunin setur.



Jón Fannar Kolbeinsson

lögfræðingur

